

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík, 14. nóvember 2014
Tilvísun: UST20141000219/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020.

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfissviðs Ísafjarðarbæjar er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögur að breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020. Breytingarnar sem tillaga er um í lýsingunni eru fjórtán auk minniháttar leiðréttinga og lagfæringa. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda lýsingu.

Nesdalur

Að mati Umhverfisstofnunar er tillaga að breytingu um að fækka áætluðum frístundasvæðum í Nesdal úr tveimur í eitt jákvæð. Að mati Umhverfisstofnunar mun vegagerð sem óhjákvæmilega mun fylgja framkvæmdum á frístundahúsasvæði í Nesdal valda mestu raski. Umhverfisstofnun bendir á að um eyðidal er að ræða þar sem ekki hefur verið varanleg búseta og því má kalla áætlanir um framkvæmdir við frístundabyggð, landnám á öröskuðu svæði. Í deiliskipulagi þarf að koma fram hvernig áætlað er veitum, þ.e. vatnsveitu og fráveitu ásamt aðkomu verði háttað.

Umhverfisstofnun telur að í eyðidal sem Nesdalur er, ætti ekki að gera ráð fyrir frístundahúsum, heldur nýta dalinn sem einstakar náttúruminjar. Bygging frístundahúsa og gerð frístundalóða mun breyta eðli þessa þrönga dals og skerða sérstöðu og sú breyting verður ekki afturkræf. Áætlun um Nesdal mun skerða útivistargildi svæðisins. Að mati stofnunarinnar gengur áætlun frístundabyggðar í Nesdal gegn markmiðum gildandi aðalskipulags þar sem segir: "Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu." Einnig bendir stofnunin á að frístundabyggð í Nesdal mun hafa áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika svæðisins ef jafnframt verði farið í skógrækt og gróðursetningar á áætluðu frístundasvæði. Með framkvæmdum í Nesdal mun eyðidölum fækka.

Engidalur

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að taka tillit til upprunalegs birkikjarrs og berjalanda þegar hugað er að framkvæmdum í Engidal. Fara þarf að öllu leyti varlega í framkvæmdir svo landslagsgerð svæðisins spillist ekki og draga þarf úr öllu raski eins og kostur er.

Seljalandsdalur, efnistaka

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulagsbreytingartillögu verði gerð grein fyrir sjónrænum áhrifum af efnistöku í Múlunum. Að mati Umhverfisstofnunar mun efnistaka úr Seljalandsmúla mögulega hafa neikvæð áhrif á heildarmynd fjarðarins, ekki síst meðan á framkvæmd stendur, þ.e. sár vegna efnistöku. Að mati stofnunarinnar þarf að skoða hver áhrif slík efnistaka hefði á snjósöfnun og yfirborðsvatn á svæðinu. Nú þegar er talsverð útvist og göngur iðkaðar á svæðinu við Múlann. Umhverfisstofnun bendir á að birkiskógur/kjarr neðan við Múlann gæti orðið fyrir neikvæðum áhrifum ef jarðefni flæða niður í gróðurinn meðan á efnistöku stendur. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar eru opnar efnisnámur í Skutulsfirði og telur stofnunin mikilvægt að sá möguleiki verði skoðaður að áætluð efnistaka fari fram í opnum námum.

Breiðadalsheiði við Þverfjall

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skoðað verði hvaða áhrif áætluð vindrafstöð hafi á fugla og ferðir þeirra.

Hvilftarströnd og Breiðadalur

Fram kemur í lýsingu að gert er ráð fyrir að virkja þrjár ár á Hvilftarströnd og Breiðadal í Öfundarfirði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skoðað verði hver ásýndaráhrif þriggja virkjana verða þar sem þær koma til með að vera á nokkuð afmörkuðu svæði. Hætta er á verulegum neikvæðum sjónrænum áhrifum.

Stóra Eyjavatn, vatnaflutningar

Í greinagerð lýsingar segir að Dynjandi og aðrir fossar í Dynjandisá ásamt umhverfi þeirra hafi verið friðlýst sem náttúruvætti árið 1986. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið var friðlýst árið 1981.

Í greinagerð lýsingar segir að gert sé ráð fyrir 6,5 km veitu úr Stóra-Eyjavatni til Mjólkárveikjunnar til að auka framleiðslugetu hennar að vetri. Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir að boruð verði göng inn í vatnið, með tilheyrandi niðurdrætti, vegna vatnaflutninganna. Til viðbótar verði gert ráð fyrir stíflu í Stóra- Eyjavatni sem muni hækka vatnsborð í vatninu um 3 m. Með þessum framkvæmdum er ætlunin að ná 20 GJ vatnsmiðlun úr Stóra- Eyjavatni. Einnig segir í greinagerð að framkvæmdin verði utan friðlýsta svæðisins en mun hafa áhrif á vatnsrennsli innan þess.

Umhverfisstofnun bendir á að í auglýsingu um náttúruvættið Dynjanda í Stjórnartíðindum. B, nr. 348/1986 segir: „Í friðuninni felst að ekki má skerða vatnsrennsli til fossanna. Gildir þetta einnig utan hins friðlýsta svæðis, að Stóra- Eyjavatni og aðrennslissvæði þess undanskildu. Um hugsanlega vatnsmiðlun þar er skylt að hafa samráð við Umhverfisstofnun.“

Upptök Dynjandisár er í Stóra- Eyjavatn en það er langstærsta stöðuvatnið á vatnasviði Dynjandisár, 1,66 km². Frá vatninu rennur Þverá gegnum Litla- Eyjavatn sem er 0,36 km² að stærð og úr því rennur Dynjandisá í sjó fram. Umhverfisstofnun bendir á að megin tilgangur friðlýsingar náttúruvættisins Dynjanda er að vernda fossana í Dynjandisá sem eru átta innan náttúruvættisins. Fossinn Dynjandi er þeirra tilkomumestur og felst fegurð hans í því hversu vatnsmikill og formfagur hann er. Dynjandi er eitt af sérkennum svæðisins og einstakur á landsvísu. Fossinn hefur mikið aðdráttarafl og er fjölsóttasta náttúruperla Vestfjarða. Umhverfisstofnun bendir á að á veturna, meðan fært er um þjóðveg nr. 60, hefur

ferðamönnum sem heimsækja náttúruvættið fjölgað mikið á undanförunum árum enda mikið sjónarspil að sjá fossana í klakaböndum.

Umhverfisstofnun telur að með vatnsmiðlun úr Stóra- Eyjavatni muni verndargildi náttúruvættisins Dynjanda skerðast umtalsvert. Vatnsmiðlun úr Stóra- Eyjavatni mun að öllum líkindum skerða vatnsrennsli til fossanna í Dynjandisá umtalsvert og hafa neikvæð áhrif á ásýnd þeirra og upplifun fólks af svæðinu jafnt sumar sem vetur. Minnkað vatnsrennsli í Dynjandisá muni einnig draga úr flóðum í ánni sem er mikilvægt vegna mikils næringarefnaflutnings til vistkerfa við árbakka og ós árinna.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, 37. gr. b. njóta stöðuvötn og tjarnir, 1000 m² að stærð eða stærri sérstakrar verndar og forðast skal röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggi fyrir. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 38. gr. sömu laga sem fjallar um hættu á röskun náttúruminja, þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Að mati Umhverfisstofnunar eru vatnaflutningar úr Stóra-Eyjavatni, framkvæmdir sem munu hafa í för með sér breytingar á fossinum Dynjandi óásættanlegir og leggst stofnunin gegn þeim.

Breiðadalsheiði og Skutulsfjörður

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta vel að því að áætluð loftlína falli vel að landslagi svæðisins til að koma í veg fyrir neikvæð sjónræn áhrif. Á ofangreindu svæði er stunduð margs konar útivist, skíðagöngur veiðar o.fl, og er því mikilvægt að mati stofnunarinnar að útivistargildi svæðisins rými ekki.


Pollurinn


Eitt af því sem áætlað er að gera varðandi Pollinn er að Sundin verði dýpkuð í 12 m á um 100 m breiðu, beinu svæði á milli Suðurtanga og Ísafjarðarflugvallar, þannig að skemmtiferðaskip komist inn á Pollinn.

Í umfjöllun um Pollinn kemur fram það markmið að skólpmengun hindri ekki möguleika hafna og strandsvæða til að hljóta bláfánann og að fráveita frá Miðtúni, Sætúni, Stakkanesi og næsta nágrenni ásamt útrás fráveitu í innanverðum Skutulsfirði verði áfram leidd í Pollinn. Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við aðrar breytingartillögur er felast í tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 - 2020, en áskilur sér rétt til athugasemda við þær þegar sjálf tillagan verður send til umsagnar stofnunarinnar ef telst vera þörf á því.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur